

ÞORRAÞYTUR

FRÉTTABRÉF FRÁ SKÓLANUM YKKAR

FEBRÚAR
2026

Góð byrjun á árinu

Vorönn 2026 fer afskaplega vel af stað og þökkum við foreldrum kærlega fyrir komuna í nemendasamtölin í vikunni. Það er virkilega dýrmætt að eiga uppbyggileg og góð samtöl við ykkur og börnin. Við erum afar stolt af skólanum okkar og því frábæra starfi sem fram fer hér og eigið þið stóran part í því. Við finnum svo mikinn meðbyr og velvilja frá ykkur sem er ómetanlegt og starfinu mikill hvati. Við erum spennt fyrir komandi tímum og er margt framundan á vorönninni þar sem nemendur fá notið sín jafnt í formlegu sem óformlegu námi.

Jákvæður agi

Lykilsetning jákvæðs aga er **að okkur gengur betur þegar okkur líður betur**. Við vinnum alla daga með verkfæri jákvæðs aga en á vorönninni ætlum við að bæta við verkfærin okkar og vinna ennþá meira með tilfinningar, ég-boð, lausnahjólið, hrós og þakkir.

Verkfæri vorannar má sjá hér.

Foreldrafræðsla Jákvæðs aga fer fram á leikskólanum Álfasteini miðvikudaginn 25. febrúar kl. 15-17. Takið daginn frá. Skráning fer fram síðar.

Skólabragur og námsmenning

Frá því haustið 2024 höfum við unnið markvisst að innleiðingu leiðsagnarnáms í skólanum okkar. Innleiðingin hefur gengið vel en með vinnunni viljum við skapa ákveðinn skólabrag og námsmenningu sem einkennir okkur. Hrós, hvatning, innri áhugahvöt, styrkleikar hvers og eins, hugarfar vaxtar og námsvitund er stór hluti vinnunnar og hefur okkur tekist að festa það í sessi í daglegu starfi. Í vetur höldum við áfram með þá vinnu og bætum við námsfélögum, námsveggjum þar sem viðmið eru skýr og eflum nemendur í samræðum í námi með samræðuhvetjandi verkefnum og þjálfumst í endurgjöf. Við leggjum mikinn metnað í að halda þessu á lofti og gera vel.

Framundan í febrúar og mars

- Danskensluvika 2.-6. febrúar
- 3. og 4. bekkur fer á skauta 11. febrúar
- 1. og 2. bekkur fer á skauta 13. febrúar
- Öskudagsgleðin okkar í skólanum verður á sprengideginum 17. febrúar
- Vetrarfrí 18.-20. febrúar
- Foreldrafræðsla Jákvæðs aga verður á Álfasteini 25. febrúar kl. 15-17.
- 26. mars árshátíð kl. 15:30
- Páskafrí 29.- 6. apríl.

Danskensla 2.-6. febrúar

Undanfarin ár höfum við reynt að bjóða upp á danskenslu á hverju skólaári. Í þetta sinn ákváðum við að prófa að hafa dansviku fyrir alla nemendur skólans og verður dansvikan 2.-6. febrúar. Fyrirkomulagið verður með þeim hætti að nemendur fá fimm danstíma þá vikuna, einn á hverjum degi. Ingunn Hallgrímsdóttir sér um danskensluna og hlökkum við mikið til.



PELAMERKURSKÓLI

Proski-Menntun-Samkennd

Þorrablótsgleði 1.-6. bekkjar

Ein af hefðum skólans er að 6. bekkingar haldi þorrablót og bjóði 1.-5. bekkingum og kennurum þeirra til veislunnar. Í ár var þorrablótíð haldið á bóndadaginn. 6. bekkingar höfðu staðið í ströngu við undirbúning ásamt Margréti Óladóttur umsjónarkennara þeirra. Þau röðuðu upp í matsal, stýrðu fjöldasöng og fóru með gamanmál. Boðið var upp á þorramat, laufabrauð sem nemendur skáru og steiktu fyrir jólin ásamt mjólkurgraut. Að lokinni dagskrá í matsalnum buðu 6. bekkingar nemendum upp í sal þar sem farið var í sígilda skyrleikinn og fylgdi honum mikill hlátur að venju! Við þökkum 6. bekk og Margréti kærlega fyrir góða dagskrá, hér má sjá myndir frá þorrablótinu.

Skólapúls - Foreldrakönnun

Í febrúar verður foreldrakönnun Skólapúlsins lögð fyrir sem er partur af innra mati skólans. Það skiptir okkur miklu máli að fá góða svörun frá foreldrum. Könnunin er vanalega lögð fyrir annað hvert ár en vegna ört stækkandi skóla og samfélags þá finnst okkur mikilvægt að leggja foreldrakönnunina líka fyrir í ár. Ákveðið úrtak úr hópi foreldra fær sendan spurningalista.

Árshátíðin okkar 26. mars

Við státum okkur af afar glæsilegri árshátíð þar sem allir nemendur skólans koma fram og láta ljós sitt skín á einn eða annan hátt. Nemendur og starfsfólk leggja mikinn metnað í sín atriði og er alltaf gaman að sjá hversu fjölmenn árshátíðin er. Umgjörðin er hin glæsilegasta og leggja allir hönd á plóg við að gera salinn og skólann sem fallegastan. **Árshátíðarsýningin hefst kl. 15:30** en nemendur koma í skólann á hefðbundnum tíma og verða í skólanum fram að sýningu. Eftir sýningu taka foreldrar við börnum sínum en þá býður ferðasjóður upp á súpu og kaffihlaðborð. Nú þegar eru bekkir farnir að huga að atriðum sínum og má reikna með að eftir vetrarfrí verði allt komið á fullt. Við hlökkum mikið til og biðjum ykkur um að taka þennan tíma frá.

Endurskoðun skólastefnu Hörgársveitar

Vinna við endurskoðun skólastefnu Hörgársveitar stendur yfir og einn verkþáttanna er að óska eftir ábendingum og hugmyndum frá foreldrum.

Hérna má kynna sér núverandi skólastefnu sem verið er að endurskoða.

Hérna er hlekkur til að skila inn ábendingum.

Hvað er að vera ég?

Að vera ég er að hafa fjölbreytt áhugamál.

Að horfa á og spila handbolta og fótbolta veitir mér gleði.

Að elta kindur upp um fjöll og smala veitir mér gleði.

Að verja tíma með vinum veitir mér gleði.

Að vera ég er að vera strákur með stóra drauma um framtíðina.

Þar sem ég fæ að vera ég.

Aðalsteinn Ísak í 8. bekk

Farsæld barna

Tengiliðir farsældar í þelamerkurskóla eru:
Sigríður Guðmundsdóttir (sigga@thelamork.is)
Sigríður Valdimarsdóttir (sisi@thelamork.is)

Öll börn eiga rétt á að fá þá þjónustu sem þau þurfa þegar á þarf að halda. Farsældarlögin eiga að tryggja að börn og foreldrar fái rétta aðstoð, á réttum tíma, frá réttum aðilum.



ÞELAMERKURSKÓLI

Proski-Menntun-Samkennd



Frá umhverfisnefndinni

Umhverfisnefnd þelamerkurskóla er skipuð nemendum og starfsfólki skólans. Nemendur eru mjög ábyrgðarfullir og áhugasamir um málefnið en nefndin fundar reglulega, skipuleggur umhverfisdaga, fræðslu og fleira. Það nýjasta frá

umhverfisnefndinni er að bjóða nemendum og foreldrum að koma með vel meðfarinn fatnað sem ekki er lengur í notkun til þess að leyfa öðrum að njóta hans. Umhverfisnefndin vill með þessa minnka sóun á fatnaði og hvetja til endurnýtingar. Fataslátin er staðsett á kennsluganginum á Skógum (gangur 1.-4. bekkjar).

Sjá auglýsingu hér aftast í þessu fréttabréfi.



Lífshlaupið 1.-15. febrúar

Við tökum þátt í Lífshlaupinu! Lífshlaupið er heilsu- og hvatningarverkefni Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands. Fólk er hvatt til þess að huga að daglegri hreyfinu og auka hana eins og kostur er. Við ætlum auðvitað að taka þátt í grunnskólakeppni Lífshlaupsins og stefnum hátt! Í fyrra lentum við í öðru sæti og árið þar á undan í því þriðja! Það er því komið að því að taka sigurinn í þetta sinn! Nemendur skrá niður alla hreyfingu, minnst 60 mínútur á dag.




ÞELAMERKURSKÓLI

Proski-Menntun-Samkennd

Púsl

Ef þið eigið 100-500 púsla púsl heima, sem er heilt og þið hætt að nota þá þiggjum við alveg ný púsl til okkar.



Hvað er að vera ég?

Það er að hugsa mínar hugsanir, að villast og finna leiðina aftur. Það er að hlæja þegar sólin skín, og brosa þegar fuglarnir syngja. Það er að ganga mína eigin braut, þótt spor annarra liggi í aðra átt.

Hvað er að vera ég?

Að vera sá sem enginn annar er, og aldrei verða neitt annað.



Hjördís Emma 8. bekk



Líf og fjör á þorrablót!



Teymiskennsla í 3. - 4. bekk

Í þelamerkurskóla eru kennarar iðnir við að vinna saman þvert á árganga og efla þannig skólafárið. Kennarar og nemendur í 3.-4. bekk vinna t.a.m. mikið saman. Eitt af því sem þau gera í hverri viku er að fara í útiskóla. Anna Rós, Arna og Bryndís sameina krafta sína og fara með börnin í hverri viku út og gera með nemendum allskonar verkefni. Oft tengjast verkefni einhverju sem þau eru að fást við í öðrum námsgreinum en eins snúa þau gjarnan að því að styrkja lykilhæfni nemenda. Útiskólinn er kjörinn vettvangur til að efla samvinnu, samkennd, hjálpsemi og aðra lykilhæfni í gegnum verkefni og leiki í náttúrunni. Í útiskólanum er leitast við að nálgast viðfangsefni á fjölbreyttan hátt.

Eitt af því sem hópurinn hefur tekið sér fyrir hendur er að gera tilraunir. Á haustönn gerðu nemendur t.d. skordýragildir úti í Mörk, fylgdust með þeim og sögðu öðrum frá hvernig tilraunin gekk. Í janúarbyrjun gerði hópurinn aðra einfalda tilraun með egg og stjörnuljós. Kennarar framkvæmdu tilraunina á meðan nemendur fylgdust grannt með, komu með tilgátu um hvað myndi gerast og skrifuðu síðan skýrslu um niðurstöðurnar. Nemendur voru mjög áhugasamir líkt og raunar allt skólaárið en það sem einkennir hópinn í útiskóla er jákvæðni, forvitni og tilhlökkun.

Meðfylgjandi eru myndir sem teknar hafa verið í útiskólanum.




ÞELAMERKURSKÓLI

Proski-Menntun-Samkennd

Sjónlistir - Hæfileikaríkir nemendur

Nemendur gerðu þessi stórkostlegu listaverk í sjónlistum hjá þóru en þarna unnu þau með blek. Verkin eru eftir nemendur í 5.-10. bekk. Útkoman hjá þeim var hreint út sagt stórkostleg og myndu þessi verk sóma sér vel á hvaða listasafni sem er.



Nemendur í 1.-4. bekk voru að læra um heita og kalda liti. Þau teiknuðu fiska og fígúrus, klipptu út og límdu í sjóinn sem þau máluðu. Myndirnar eru litríkar og fallegar og fanga athygli þeirra sem framhjá þeim ganga.



Þelamerkurskóli

FATASLÁ Í ÞELÓ!



Frá: Umhverfisnefnd!

Við hvetjum alla til þess aðkoma með föt sem þið eruð hætt að nota og setja á fataslána okkar.

Endilega takið síðan föt þaðan sem þið getið notað!

**VERUM
DUGLEG AÐ
ENDURNÝTA
HLUTINA!**

ALLTAF GAMAN

að fá sér ný/notuð föt!

